

58 Gjört í París, hinn tuttugasta og þriðja Signed at Paris the twenty-third day of
16. maí dag októbermánaðar nítján hundruð October nineteen hundred and fifty-four.
fimmtíu og fjögur.

59
4. júní

AUGLÝSING

um framlengingu viðskiptasamkomulags milli Íslands og Svíþjóðar.

Hinn 3. júní 1955 var undirrituð í Stokkhólmi bókun um framlengingu á samkomulagi um viðskipti milli Íslands og Svíþjóðar. Er samkomulagið framlengt til 31. marz 1956.

Samkvæmt samkomulaginu er gert ráð fyrir að frá Íslandi verði flutt út salt-sild, kryddsild og sykursöltuð sild og aðrar vörur á sama hátt og áður hefur tíðkast.

Útflutningur á vörum frá Svíþjóð verður með tilliti til hversu útflutningur verður mikill á íslenskum vörum til Svíþjóðar og með hliðsjón af venjulegum útflutningshagsmunum Svíþjóðar.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 4. júní 1955.

Kristinn Guðmundsson.

Magnús V. Magnússon.

60
11. júní

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við embættisstörfum.

Forseti Íslands, herra Ásgeir Ásgeirsson, kom í dag úr för sinni til Noregs og hefur á ný tekið við embættisstörfum.

Í forsætisráðuneytinu, 11. júní 1955.

Ólafur Thors.

Birgir Thorlacius.

61
15. júlí

AUGLÝSING

um samkomulag milli Íslands og Tyrklands um afnám vegabréfsáritana.

Með erindum, dags. 28. júní 1955, hafa sendiherrar Íslands og Tyrklands í París gert samkomulag um afnám vegabréfsáritana fyrir borgara annars landsins, sem ferðast vilja til hins, enda sé ekki um launaða atvinnu eða lengri dvöl en þriggja mánaða að ræða.

Samkomulagið gekk í gildi hinn 1. júlí 1955.

Utanríkisráðuneytið, 15. júlí 1955.

Kristinn Guðmundsson.

Magnús V. Magnússon.